

Góðan dag.

Byggðarráð Norðurljóps tók til umfjöllunar frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórnna (kosningaaldur), 356. mál á fundi sínum þann 28. febrúar s.l.

Á fundi ráðsins var bókað;

„Byggðarráð Norðurljóps telur ekki ástæðu til að lækka kosningaaldur í 16 ár í sveitarstjórnarkosningum á þeim forsendum sem lagt er upp með. Byggðarráð telur að eðlilegra sé að kosningaaldur sé hinn sami og lögræðisaldur, þ.e. 18 ár. Þó er tekið undir mikilvægi þess að markvissra aðgerða er þörf til að auka kjörsókn og efla kosningaþátttöku yngri kjósenda sérstaklega.“

Þessi afgreiðsla tilkynnist hér með.

Kveðja

Drífa Valdimarsdóttir
Fjármálastjóri Norðurljóps og staðgengill sveitarstjóra